

Elín Rán sæmd starfsmerki UMFÍ

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Miðvikudagur, 18 Apríl 2018 10:24

Elín Rán sæmd starfsmerki UMFÍ

Á

Elín Rán Björnsdóttir, fyrrum formaður UÍA, var um helgina sæmd starfsmerki Ungmennafélags Ísland á þingi UÍA sem fram fór á Borgarfirði eystra.

Elín Rán hefur komið víða við í starfi UÍA, sem keppandi, starfsmaður og stjórnarmaður. Eftir árangursríkan keppnisferil snéri hún sér að þjálfun hjá Hetti og Pristi og fór sem sumarstarfsmaður UÍA á eftirminnilegt Unglingalandsmót 2002.

Elín Rán var kjörin formaður UÍA árin 2008-2012. Sem slík leiddi hún félagið í gegnum mikið umbreytingarskeið.

Hún hefur starfað í nefndum á vegum bæði UMFÍ og ÍSÍ, var keppnisstjóri á Unglingalandsmótinu 2011 og í stjórn frjálsíþróttadeildar Hattar um tíma.

Sigurður Óskar Jónsson, úr varastjórn UMFÍ, sæmdi Elínu Rán merkinu.

Frétt tekin af heimasíðu UIA